

Er ferðasagan dauð?

Hvað er að *ferðast*? Það hlýtur að felast eitthvað meira í því en að fara frá einum stað til annars. Flestir eru sammála um að það að fara út í búð sé ekki að ferðast. En af hverju ekki? Þarf færslan á milli staða að vera lengri eða er eitthvað annað sem ræður því hvenær við byrjum að ferðast? Það er mögulegt að fara hálfsofandi í gegnum heilu heimsálfurnar og það er nóg að skreppa austur fyrir fjall til að finna hvernig eitthvað byrjar að gerast innra með manni. Henry David Thoreau sagði á sínum tíma: „Það skiptir ekki máli hvert eða hversu langt maður ferðast – því lengra því verra jafnvel – heldur hversu lifandi maður er.“¹ Það að ferðast er hugarástand og hugsanlega er hægt að ferðast hvar og hvenær sem er. Líka með því að sitja kyrr og loka augunum og kannski snýst ferðalag ekki síður um að yfirgefa eitthvað en að halda eitthvert.

Fólk hefur ferðast alla tíð, meðvitað og ómeðvitað, af forvitni eða nauðsyn. Fræðimenn sumir hverjir vilja þó meina að ekki sé rétt að tala um eiginleg ferðalög fyrr en eftir árið 1750 og að ferðasagan, eins og flest okkar hugsa um hana, verði ekki almennilega mótuð fyrr en um 1900. Fyrir það sé réttara að tala um *ferðaskrif* eða *ferðatengd skrif*. Aðrir eru á því að allar sögur séu í grunninn ferðasögur og jafnvel það að skrifa sé leið til að ferðast.²

Fremur lítið hefur verið ritað hér á landi um ferðasögur í gegnum tíðina³ en í þessari grein verður reynt að hlaupa yfir langa og flókna þróun ferðasögunnar og helstu einkenni hennar. Greinin horfir einkum til hins engilsaxneska heims og ensku ferðasögunnar sem náði miklum vinsældum á millistríðsárunum og

¹ „It matters not where or how far you travel – the farther commonly the worse – but how much alive you are.“ Henry David Thoreau, *The Journal 1837–1861*, New York: NYREW, 2009, bls. 258–259.

² Carl Thompson, *Travel Writing*, New York: Routledge, 2011, bls. 24.

³ Við leit á Skemmuni, leitir.is og tímarit.is fundust örfáar greinar um ferðasögur.



svo aftur á níunda áratugnum. Sennilega er óhætt að halda því fram að þróun ferðasögunnar hafi verið mest og áhugaverðust á þessu málsvæði þótt auðvitað hafi einhvers konar ferðalýsingar verið skrifaðar víða um heim alla tíð. Loks verður athugað hvernig ferðasagan er að þróast og hver framtíð hennar gæti verið. Það er, ef hún er ekki dauð.

Ferðaskrif í yfir 2000 ár

Ferðasagan er langt að komin en upphaf hennar hefur verið rakið allt aftur til Forngríkkjans Heródótusar (484 f.Kr. – 425 f.Kr.) sem ferðaðist víða og skrif hans innihalda mikla landafræði og þjóð- og þjóðháttufræði.⁴ Einnig hefur verið bent á að *Odysseifskviða* og *Gilgameshkvíða* innihaldi ferðalýsingar sem hafi haft áhrif á aðra texta. Þó er það ekki fyrr en á miðöldum sem eiginlegur kraftur kemst í ritun ferðalýsinga. Þar eru lýsingar pílagraíma einna fyrirferðarmestar en einnig var mikið um skringisögur og ýkjúsögur af fyrirbærum á fjarlægum slóðum; til dæmis frásagnir af fólki með hundshausa eða kentárum með vængi. Margar þessara sagna áttu að eiga uppruna sinn í Afríku og Asíu en mjög fáar þeirra eru þó fyrstu persónu frásagnir þar sem sagt er frá eigin reynslu.⁵ Frásagnir pílagraíma samanstóðu oftast af leiðarlýsingum og praktískum upplýsingum fyrir þá sjálfa en þó eru til einhverjar sögur þar sem ferðalangurinn er í miðju textans og talar út frá sjálfum sér. *Ferðasaga Egeríu* er þekktust þeirra en hún var rituð á fjórðu öld og segir frá ferðalagi sem höfundurinn tók sér á hendur á slóðir *Biblúnnar*.⁶

Ævintýri Marco Polos (um 1299) og *Dagbækur Kólumbusar* (sem segja frá fjórum leiðöngurum hans 1492–1504) þykja marka vatnaskil í ferðalýsingum en með ólíkum hætti. Hjá Marco Polo birtist aukin meðvitund um lesandann og í upphafi ævintýranna er beinlínis gefið fyrirheit um stórkostlegar upplifanir á þeim síðum sem framundan eru. Fram að þessu höfðu ferðalýsingar (og áttu að mestu eftir að vera lengi enn) verið praktískir textar þar sem upplýsingagildið skipti mestu máli. En í *Ævintýrum Marco Polos* er frásögnin í fyrstu persónu þótt þetta „ég“ haldi sér að mestu til hlés. Engu að síður birtist lesandanum nokkurs konar leiðsögumaður sem bendir á hitt og þetta á ferðum sínum um fjarlæg lönd.

Í *Dagbókum Kólumbusar* hefur fyrsta persónan beinlínis komið sér fyrir í miðju

⁴ Geir Þ. Þórarinnsson, „Hver var Heródótos frá Halikarnassos?“, *Vísindavefurinn*, 5. desember 2011, sótt 20. febrúar 2024 af: <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=61412>.

⁵ Carl Thompson, *Travel Writing*, bls. 38.

⁶ Talið er að Egería hafi verið nunna en sagan þykir merk heimild um hugsunarhátt og stöðu kvenna á fjórðu öld. Sigrún Ásta Eiríksdóttir, *Ferðasaga Egeríu*, BA-ritgerð, 2013, sótt 7. október 2024 af <https://skemman.is/handle/1946/15046>.

frásagnarinnar og við upplifum frásögnina í gegnum hana. Sögumaður heldur sér ekki til hlés heldur er orðinn persóna. Það sem meira er, hann hefur upplifað sjálfur það sem hann segir frá en þekkir það ekki bara af afspurn. Það grundvallarviðmið ferðasögunnar að frásögn sögumannsins byggist á hans eigin reynslu hefur svo haldist allar götur síðan.⁷ Flökkusögur af fljúgandi skrímslum í fjarlægum löndum þóttu ekki boðlegar lengur.

Landafundatímabilið hefst snemma á fimmtánda öld og Evrópumenn taka að sigla í allar áttir. Vasco de Gama (um 1469–1524) fer frá Portúgal og kemst alla leið til Indlands, Amerigo Vespucci (1454–1512) nær meginlandi Suður-Ameríku og Ferdinand Magellan (1480–1521) gerir tilraun til að sigla fyrstur í kringum jörðina (1519–1522)⁸. Á 16. og 17. öld freistar fjöldi Evrópubúa gæfunnar í nýja heiminum með ýmsum hætti; leggur undir sig lönd, stundar verzlun og viðskipti eða kristnar heiðingjana, stundum allt í senn. Enginn fer þó fyrir forvitnissakir eða í ferðalag enda hugmyndin um það að *ferðast* ekki enn komin fram. Kannski má líkja sumum þessara leiðangra við start-up fyrirtæki; safnað er um borð besta fánlega mannskapnum og siglt af stað undir stjórn ævintýramanns með góða hugmynd (og fjármagn frá krúnunni eða vel settum landeiganda) og þess svo freistað að láta allt ganga upp.

Samhliða þessum auknu siglingum verður mikil fjölgun á ferðalýsingum sem ganga manna á milli í Evrópu og jafnframt alls kyns ferðatengdum textum; sjóferðabókum, kortum og skýrslum hvers konar frá framandi löndum. Krúnan, kirkjan og kaupsýslumenn gera út skip og landkönnuði með ýmist landvinnina eða viðskipti í huga. Pólítískt og hernaðarlegt mikilvægi ferðaskrifa eykst því stöðugt sem og upplýsingagildi þeirra og því er líka farið að halda betur utan um öll þessi ferðaskrif- og gögn í safnrítum og stórbókum.⁹

Þegar líður á 17. öld eru stofnuð sérstök vísindafélög í tengslum við nýlega fram komnar hugmyndir raunhyggjunnar¹⁰ um mikilvægi þess að afla sér þekk-

⁷ Carl Thompson, *Travel Writing*, bls. 40.

⁸ Magellan var drepinn í bardaga á Filippseyjum ári áður en síðasta skipið í leiðangrinum náði höfn á Spáni 1522.

⁹ Tim Youngs, *The Cambridge Introduction to Travel Writing*, New York: Cambridge University Press, 2013, bls. 41.

¹⁰ „Enski heimspekingurinn John Locke er oft álitinn merkastur bresku raunhyggjumanna. Raunhyggja er í hnotskurn hver sú kenning sem leggur megináherslu á hlutverk reynslu í öflun þekkingar. [...] Rökhbyggja er hver sú kenning sem leggur megináherslu á hlutverk skynseminnar í öflun þekkingar. [...] Raunhyggjumenn töldu að engin þekking eða hugtök væru meðfædd heldur væri reynslan uppspretta allrar mannglegrar þekkingar.“ Sjá Geir. Þ. Þórarinnsson, „Hver er munurinn á raunhyggju og rökhbyggju?“, *Vísindavefurinn*, 6. maí 2008, sótt 10. júlí 2024 af visindavefur.is/svar.php?id=24216.

ingar og styðja hana með eigin reynslu. Maðurinn á að mæla upp heiminn og rannsaka veröldina eins og kostur er í stað þess að byggja þekkingu sína á gömlum textum og trúarkeningum. Afla skal áreiðanlegra heimilda fyrir vísindafélög eins og Royal Society sem var stofnað í London 1660 og er enn starfandi.¹¹

Þrátt fyrir að áherslan í ferðaskrifum sé á gagnaöflun er fyrsta persónan (sem finna mátti í skrifum Kólumbusar) að verða stöðugt meira áberandi í þessum textum næstu tvö hundruð ár. Til verður sjónarhorn ferðasögunnar; nokkurs konar sjónarhorn hetju sem sækir fram til að kanna ný lönd eingöngu út frá eigin viðmiðum og vinnur þau gjarnan í leiðinni. Aðrir menningarheimar eru gjarnan eitthvað sem þarf að sigra og önnur lönd eru uppspretta auðlinda sem skal nýta.¹² Ferðasagan var harkalega gagnrýnd fyrir þetta sjónarhorn síðar.

Á 18. öld eru hugmyndir enska heimspekingsins (og eins raunhyggjumanna) John Lockes orðnar útbreiddar um að manneskjan öðlist mesta þekkingu í gegnum reynslu og þurfi að upplifa heiminn til að öðlast reynslu. Því verður það hluti af menntun ungra enskra aðalsmanna að fara á svokallaðan „grand tour“. Slíkt ferðalag gat jafnvel staðið í tvö ár en ásamt því að sjá heiminn þótti mikilvægt að læra nýtt tungumál, afla sér upplýsinga um aðra menningu og skrá þær hjá sér. Og helst að kynnast rústum Rómaveldis til að koma sér upp þekkingu á klassískum fræðum, fágun og góðum smekk. Þessi ferðalög aðalsins gátu af sér töluvert af ferðatextum.

Um þetta leyti kemur gufuvélin fram, lestir taka af stað og langsiglingar aukast. Millistéttin vill líka komast í sinn „grand tour“ og fólk byrjar að ferðast – nú til að ferðast. Árið 1840 býður Thomas Cook fyrstu pakkaferðina og túrismi (með vísan í tour) verður til. Ungu aristókratarnir höfðu verið hvattir til að skrá niður upplifun sína af stóra túrnum en fólk af millistétt gerir það líka svo enn aukast ferðaskrif og eins taka fyrstu ferðahandbækurnar fyrir alla nýju ferðamennina að koma út.

Með tímanum hafði orðið stöðugt erfiðara að setja fram gagnlegan fróðleik, uppgötvanir eða vísindalega þekkingu í ferðaskrifum. Það var búið að finna öll lönd, kortleggja mikið af jörðinni og segja frá flestu á „grand tour“. Fyrir vikið verður fyrsta persónan enn fyrirferðarmeiri í textunum til að bæta upp fyrir skort á uppgötunum og „vísindalegri þekkingu“. Ferðaskrifin færast nú meira í átt að því að verða lýsingar skrásetjarans á því sem hann sá og upplifði á ferðalaginu.¹³ Á 18. og 19. öld takast þessir tveir þættir svo á í ferðaskrifum, hið persónulega

¹¹ Carl Thompson, *Travel Writing*, bls. 45.

¹² Casey Blanton, *Travel Writing. The Self and The World*, London og New York: Routledge, 2002, bls. 9.

¹³ Sama heimild, bls. 9.

og rannsóknir. Á þessum tíma komu þó líka fram ferðafrásagnir sem voru í raun hvorugt; til að mynda skipsskaðasögur og frásagnir fólks sem hafði verið haldið fongnu af ættfloknum og eins trúboðasögur.

Þegar líða tekur á 19. öld fara þekktir rithöfundar (til dæmis Stendahl, Charles Dickens og Mark Twain)¹⁴ að reyna sig við að skrifa ferðasögur og því má segja að formið sé orðið til þótt það sé ekki orðið eins og við þekkjum það nú á dögum. Höfundarnir hugsuðu þessar bækur sínar fyrst og fremst sem gott lesefni sem veitti um leið nokkra innsýn í þá sjálfa. Bókunum er ekki ætlað að vera nákvæm lýsing á stöðunum sem ferðast er um heldur frekar að grípa „stemninguna“ og koma áfram óljósri hugmynd um þá. Þetta eru fagurfræðilegar frásagnir. Þessi stíll féll lesendum vel í geð og þarna er kominn upptakturinn að því sem kallað hefur verið „gullöld ferðasögunnar“.¹⁵

Stuttu eftir þarsíðustu aldamót eru lestakerfi Evrópu og Bandaríkjanna tekin að þróast, flugvélar og skip komast lengra en áður og bílar að verða almenningsseign. Allar samgöngur eru auðveldari og stundum er talað um að þarna sé alræði fjarlægðarinnar (e. „tyranny of distance“)¹⁶ úr sögunni. Þetta hefur þær afleiðingar að almenningur leggst í ferðalög sem aldrei fyrir og í kjölfarið verður mikil aukning á ferðaskrifum í Evrópu og Bandaríkjunum. Bæði verða til „miðlungshöfundar“ sem senda frá sér hverja ferðasöguna af annarri og ná mikilli hylli almenning og eins halda herra skrifaðir höfundar (til dæmis D.H. Lawrence, André Gide, George Orwell, Ernest Hemingway) áfram að reyna sig við formið. Á tímum heimskreppu og uppgangs fasistahreyfinga í Evrópu blómstraði ferðasagan en toppnum á þessu blómaskeiði þykir hafa verið náð á fjórða áratug síðustu aldar. Þá komu út ferðasögur sem höfðu mikil áhrif á formið og teljast klassískar í dag, eins og til dæmis *Journey Without Maps* (Graham Greene, 1936), *The Road to Oxiana* (Robert Byron, 1937), *Letters from Iceland* (W.H. Auden og Louis MacNeice, 1937) og *Journey to a War* (W.H. Auden og Christopher Isherwood, 1939).

Á þessu blómaskeiði bætist „innri ferðin“ eða ferðalag inn í sjálf höfundarins við ferðaskrif en almennt líta fræðimenn svo á að innri ferðin marki skilin á milli nútímaferðasögunnar og annarra ferðaskrifa fram að því.¹⁷ *Journey Without Maps* eftir Graham Greene er gjarnan nefnd sem lykilverk í þessu samhengi. Í

¹⁴ Stendhal (*Memoirs of a Tourist*, 1838), Charles Dickens (*American Notes*, 1842), Mark Twain (*Innocents Abroad*, 1869).

¹⁵ Carl Thompson, *Travel Writing*, bls. 58.

¹⁶ Sama heimild, bls. 57.

¹⁷ Tim Youngs, *The Cambridge Introduction to Travel Writing*, New York: Cambridge University Press, 2013, bls. 102.

henni ferðast höfundurinn um Líberíu í nokkrar vikur en bókin fjallar ekki síður um uppgjör höfundarins við erfiðar minningar úr æsku og hann speglar þær í því sem fyrir augu ber á ferðalaginu um Afríkulandið, það er innra ferðalag sögunnar. Þrjár ástæður hafa verið nefndar fyrir því að innra ferðalagið kemur inn í ferðasöguna: a) rómantíkinn hafði lagt áherslu á meðvitund einstaklingsins og samband hans við veröldina og að hver og ein manneskja byggi yfir einstöku sjónarhorni, b) tilkoma sálgreiningarinnar, c) sú tilfinning að það væru engir staðir eftir til að uppgötva.¹⁸ Graham Greene átti reyndar eftir að viðurkenna síðar að hann hefði verið búinn með fyrirframgreiðsluna sem útgefandinn greiddi honum fyrir bókina um Líberíu án þess að hafa hugmynd um hvað hann gæti skrifað. Honum fannst hann ekki hafa nægan efnivið í bók eftir ferðina og leysti málið með því að leggja til að hann skrifaði eitthvað út frá eigin minni og speglaði svo æsku sína í Afríkuferðinni.¹⁹

Hvað er „ferðasaga“?

Íslenskan á ýmis orð yfir ferðaskrif: ferðabáttur, ferðalýsing, ferðahandbók en hér verða notuð orðin ferðabók og ferðasaga yfir það form sem fræðin hafa kallað „modern“ eða „literary travel book“²⁰ og verður til um þarsíðustu aldamót. Eins og rakið var hér að framan hefur ferðasagan verið í mótun í tæp 2500 ár og því getur verið snúið að staðsetja hana; gera greinarmun á ferðaskrifum og öðrum greinum, svo sem ævisögulegum skrifum, etnógrafíu, náttúruskrifum eða skáldskap. Enski ferðasagnahöfundurinn Jonathan Raban segir ferðasöguna geta spannað dagbókarskrif, esseyju, smásögu og prósaljóð – allt í senn.²¹ Fræðimennirnir Patrick Holland og Graham Huggan bæta við andlegri leit, heimspekifönnkum, stjórnmálaskýringum, vistfræði, sagnfræði, landafræði, fornleifafræði og félagsvísindum.²² Ferðasagan getur því greinilega teygst sig yfir margt en fræðin virðast almennt sammála um að ferðasaga sé frásögn sögð í fyrstu persónu af ferð (um framandi slóðir) sem þegar hefur átt sér stað í raunveruleikanum. Textinn er í aðalhlutverki en sagan getur þó innihaldið bæði myndir og kort en í ferðahandbókum snýst þetta gjarnan við. Annað sem skilur ferðasöguna frá ferðahandbókinni er að frásögnin er lituð af upplifun höfundarins. Ferðasagan gerir þannig ráð fyrir að lesandinn sé ekki bara áhugasamur um

¹⁸ Sama heimild, bls. 102.

¹⁹ Casey Blanton, *Travel Writing. The Self and The World*, bls. 62.

²⁰ Carl Thompson, *Travel Writing*, bls. 17.

²¹ Carl Thompson, *Travel Writing*, bls. 25.

²² Patrick Holland og Graham Huggan, *Tourists with Typewriters. Critical Reflections on Contemporary Travel Writing*, Ann Arbor: The University of Michigan Press, 1998, bls. 8.

hið eiginlega ferðalag heldur líka forvitinn um höfundinn/sögumanninn og hans innra ferðalag. Ferðasagan gerir jafnframt ráð fyrir að lesandinn vilji góðan texta (en ekki bara upplýsingar um slóðirnar sem sagan gerist á) og geri kröfu um bókmenntalega lestrarupplifun.

Fræðimaðurinn Paul Fussell segir ferðasöguna vera undirgrein endurminninga (e. *memoir*) en mörkin á milli þessara tveggja greina geta orðið óljós.²³ Báðar greinar eiga það sameiginlegt að oftast eru höfundur, sögumaður og aðalpersóna verksins (H-S-A) sama manneskjan. Þessi aðili er gjarnan að gera upp einhvern þátt í eigin ævi eða einhvern hluta ævinnar (eitthvað afmarkað) og í báðum greinum má líka oftast finna tvo þræði/sögur: innra ferðalag H-S-A og svo meginþráð sögunnar. Fussell heldur því fram að fagurfræði hverrar ferðasögu rísi hæst þar sem þráðunum slær saman. Eins og kannski í sögum almennt? Þessi skilgreining á ferðasögum og endurminningum minnir svolítið á „ferð hetjunnar“ eða svokallað *monomyth* Josephs Campbell.²⁴ Í hefðbundinni hetjuferð glímir aðalpersóna sögunnar yfirleitt við tvær spurningar, önnur snýr að meginþræðinum: (til dæmis „tekst henni að bjarga heiminum?“) en hin snýr að henni sjálfri: (til dæmis „tekst henni að bæta sjálfa sig?“). Undir lok sögunnar, þegar komið er að stóra prófinu, snertast þessir tveir þræðir. Þá kemur til dæmis í ljós hvort hetjan hafi náð að yfirstíga eitthvað í eigin fari og taka út þroska og sé nú þess megnug að bjarga heiminum. Stundum er sagt að allar sögur séu ferðasögur en kannski mætti snúa þessu við og segja að ferðasagan reiði sig á hina klassísku formgerð frásagna.

Það sem oftast aðskilur endurminningar og ferðasögur er (ytra) ferðalagið. Þó er það ekki algilt því til eru (ferða)sögur þar sem innra ferðalag H-S-A er svo fyrirferðarmikið að það yfirskyggir ferðalagið og verkið fellur undir endurminningar. Bókin *The Art of Motorcycle Maintenance* (1974) eftir Robert M. Pirsig er dæmi um verk af því tagi enda ýmist flokkuð sem ferðasaga eða endurminningar eða hvort tveggja. Einnig eru til ferðasögur þar sem engin ferð er farin.²⁵ Ferðasagan *River Town* (2001) eftir Peter Hessler segir frá tveggja ára dvöl hans í Kína þar sem hann starfaði sem enskukennari. Eins má nefna *Don't Sleep, There are Snakes* (2008) eftir Daniel L. Everett sem rekur dvöl hans meðal innfæddra í Amazon-frumskóginum. Í báðum þessum bókum er H-S-A langt frá heimkynnum sínum og þar segir ekki af eiginlegu ferðalagi. Af hverju eru þær þá flokkaðar sem ferðasögur? Í báðum fara höfundarnir í „innra ferðalag“ og gera

²³ Sama heimild, bls. 9–10.

²⁴ Joseph Campbell, *The Hero with a Thousand Faces*, London: Paladin, 1988, bls. 30.

²⁵ Og þeim fer fjölgandi eins og komið er inn á síðar í greininni.

miklar mannlífsrannsóknir á því umhverfi sem þeir dvelja í. Hvers vegna eru þessar bækur þá ekki skilgreindar sem endurminningar? Það að þessar frásagnir skuli hafa verið skilgreindar sem ferðasögur segir okkur hugsanlega eitthvað um hvernig við upplifum ferðalög; það að ferðast sé ekki bara færsla frá A til B. (Og kannski bendir það líka til þess að ferðasagan haldi áfram að breytast eins og komið verður að síðar.)

Það eru einnig til sögur þar sem höfundurinn notar ferðalag eins og nokkurs konar fataslá sem hann hengir á hinar og þessar hugleiðingar, minningar og frásagnir. Á endanum getur verið erfitt að skera úr um hvort sögur af því tagi séu ferðasögur, endurminningar eða langar esseyjur. Sum verka W.G. Sebald eru ágæt dæmi um þetta (til dæmis *Rings of Saturn* (1995), *Austerlitz* (2001)). Í þeim fer H-S-A í langar göngur sem svo verða til þess að hugur hans leitar í allar áttir.

Það sem þó gjarnan aðskilur ferðasögur og endurminningar er tímalínan í meginþræðinum, það hvernig tíminn líður. Í ferðasögunni er algengast að tímalína meginþræðinn sé samfelld, hún getur verið einn mánuður eða tvö ár eða hálf ár en er oftast samfelld, nær frá upphafi ferðar að leiðarlokum eða frá upphafi dvalar að lokum dvalar. Í endurminningum er algengast að tímalínan sé brotin, flakkað er fram og aftur í tíma, til dæmis aftur í æsku H-S-A og til baka eða fram og aftur um ákveðið tímabil.

Togstreita í formgerðinni

Hlutverk ferðaskrifa var lengst af að halda utan um rannsóknir á sviði landafræði, fornleifafræði, líffræði og mannfæði, áður en þessi fræði urðu að sjálfstæðum fræðigreinum. Ferðasagan hefur því á löngum mótunartíma sogað margt í sig og er fyrir vikið mjög teygjanlegt form. Hún getur ýmist verið fyndin eða dramatísk, „hámenning“ eða „lágmenning“, fræðileg og persónuleg, snúist um framandi menningarheima eða bara heimkynni höfundarins og allt þetta í senn – en hún hefur fyrir löngu misst vísindalegt gildi sitt.

Engu að síður togast upplýsingagildið og frásögnin enn á innan hennar. Í aðra röndina er hún einhvers konar greinandi, hálfgildings þjóðfræði, en í hina sjálfsvæisöguleg og tilfinningalega snúin.²⁶ Lesandinn gerir ráð fyrir að fræðast um fólk og staði á þeim slóðum sem höfundurinn fer um en hann vill líka góða lestrarupplifun því hann er ekki að lesa fræðirit. Lesandinn á einnig von á að finna svoltið fyrir höfundinum og því sem hann er að ganga í gegnum, bæði á ferðalaginu og innra með sér. Ferðasagan lofar því ýmsu en hversu satt þarf

²⁶ Patrick Holland og Graham Huggan tala annars vegar um „a semi-ethnographic, distanced, analytic mode“ og hins vegar „an autobiographical, emotionally tangled mode“. Sjá *Tourists with Typewriters*, bls. 11.

höfundurinn að segja og hvað má hann ganga langt í því að búa til góða lestrarupplifun? Hluti af „samningnum“ á milli lesandans og ferðasagnahöfundarins er að sá síðarnefndi segi satt. Hann hefur ekki sama skáldaleyfi og skáldsagna-höfundurinn.

Líklega hefur höfundurinn þó bókmenntalegan metnað (annars hefði hann komið sögunni frá sér á öðru formi) en því nákvæmari sem hann er, því sennilegra er að það komi niður á lestrarupplifuninni. Ef höfundur til dæmis vinnur ferðasögu sína upp úr dagbókum frá þriggja mánaða ferðalagi og leggur mesta áherslu á sem allra nákvæmasta frásögn væri líklega best að gefa bara út dagbækurnar óbreyttar en líklegt er að sú bók yrði leiðinleg lesning. Hversu miklu má höfundurinn hagræða til að gera frásögnina læsilegri þegar hann vinnur efnið upp úr dagbókunum áður en það fer að koma niður á nákvæmninni eða sannleiksgildinu?²⁷ Það er einhvers staðar þarna sem upplýsingar og frásögn byrja að togast á. Annað sem höfundurinn þarf að hafa í huga er jafnvægið á milli sjálfs sín (H-S-A) og sjálfrar ferðarinnar í bókinni. Hvað getur höfundurinn notað oft „ég“ án þess að verða of fyrirferðarmikill ef ekki óþolandi og skyggja of mikið á þær slóðir sem farið er um í sögunni? Það er því að ýmsu að hyggja fyrir ferðasagnahöfundinn og ef línudansinn heppnast ekki vel getur frásögnin orðið of sjálflverf, smásmuguleg og upplýsingamiðuð eða ótrúverðug og yfirborðskennnd.

Gagnrýni í kjölfar uppgangs

Eftir gullöld ferðasögunnar á millistríðsárunum dró úr vinsældum hennar þar til á áttunda áratugnum. Þá tók við annað blómaskeið og ástæðurnar fyrir því voru ekki ósvipaðar og áður: það verður ódýrara að ferðast og betra aðgengi að lítt þekktum hornum og kimum heimsins. Fólk er því meira á ferðinni en nokkru sinni fyrr. Um leið varð ferðasagan líka ákveðið skjól og afdrep frá troðningstúr-isma og sögur frá slóðum víðsfjarri honum náðu miklum vinsældum. Fram komu nöfn sem margir tengja við ferðasöguna í dag: Bruce Chatwin, Paul Theroux, V.S. Naipaul, Colin Thubron, Peter Matthiessen, Pico Iyer, Jonathan Raban og fleiri. Bækur eins og *The Great Railway Bazaar* (Theroux, 1975), *In Patagonia* (Chatwin, 1977) og *The Snow Leopard* (Matthiessen, 1978) náðu hátt á metsölul-istum og fóru fyrir endurnýjuðum vinsældum ferðasagna.²⁸ Eins var talað um að

²⁷ Í þessu samhengi má einnig velta fyrir sér ferðabókum þeirra höfunda sem halda ekki dagbók á ferðalögum sínum heldur skrifa frásagnir sínar eftir minni. Eins og margir höfundar endurminningabóka (e. *memoir*) gera reyndar líka. Er sannleiksgildi þessara bóka minna en þeirra sem eru skrifaðar upp úr dagbókum?

²⁸ Carl Thompson, *Travel Writing*, bls. 61.

ferðasagan hefði endurnýjað sig að einhverju leyti og runnið enn frekar saman við endurminningar og nýtt sér aðferðir skáldskaparins í meira mæli. Í „nýju ferðasögunni“ skipti ekki máli um *hvað* höfundurinn fjallaði heldur *hvernig*.²⁹

Að þessu sinni fylgdu auknum vinsældum margs konar gagnrýni á ferðasöguna. Bent var á að flestar væru sögunnar skrifaðar af hvítum miðaldra karlmönnum sem margir hverjir væru útskrifaðir úr sömu dýru einkaskólunum á Englandi. Sjónarhornið væri því þröngt í þessum sögum og eins væri bókmenntaformið einfaldlega úr sér gengið þar sem búið væri að finna öll lönd og uppgötva allt.³⁰ Eftirlendufræði höfðu eflst mikið á sjöunda áratugnum og þótt Edward Said fjalli ekki um ferðasögur í bók sinni, *Orientalism*, hefur gagnrýni hans þar á sjónarhorn vestursins gjarnan verið beitt á ferðasöguna. Þar má nefna að ferðasögur færi okkur ekki neitt nýtt heldur bergmáli þær hver í annarri og haldi þannig við gömlum hugmyndum og fordómum Vesturlandabúa um austrið. Eftirlendufræðin tóku líka upp úr hugmyndum Saida að ferðasagnahöfundar nálgudust austrið sem „framandi, dularfullt og óæðra“ og ýktu þá mynd í bókum sínum. Dragi þannig fram neikvæðar hliðar og velti sér upp úr þeim til að ferðalagið/sagan verði hættulegri og meira spennandi. Strax á nýlenduúmanum hafi austrið verið teiknað upp í ferðaskrifum sem heimshluti sem þyrfti á hjálp vestursins að halda en sú aðstoð hafi oft ekki verið annað en yfirgangur, ofbeldi og drottun. Ferðaskrif hafi þannig í gegnum tíðina verið valdateki. Þetta sjónarhorn búi enn í ferðasögum og eigi þátt í að viðhalda ójöfnuði á milli vesturs og austurs.³¹

Ferðasögunni hefur verið komið til varnar með því að benda á að hún opni heima fyrir okkur og brúi bil á milli ólíkra hópa.³² En á móti má kannski spyrja hver „við“ séum og hverjir þá hinir. Eins má velta fyrir sér hverjir hafa efni á að ferðast og setjast svo niður í nokkra mánuði til að skrifa um þá reynslu. Fræðimennirnir Holland og Huggan benda á að eftir því sem ferðasagnahöfundurinn verði meðvitaðri um þessa forréttindastöðu sína og hefðina sem hann vinni innan breytist hann smám saman úr hvíta vel menntaða herra Manninum í sjálfshæðnari gosa sem líður eins og hann hafi mætt of seint í partíið.³³ Hann getur ekki tekið sjálfan sig alvarlega lengur en um leið er kominn einhver hálfkæringur í allt saman og jafnvel spurning hvort hægt sé að taka mark á frásögn

²⁹ Tim Youngs, *The Cambridge Introduction to Travel Writing*, bls. 8.

³⁰ Patrick Holland og Graham Huggan nota orðið „belatedness“ í þessu sambengi sem þýðir seinkoma eða að vera of seint á ferð. Sjá *Tourists with Typewriters*, bls. 22–23.

³¹ Alasdair Pettinger og Tim Youngs, *The Routledge Research Companion to Travel Writing*, London og New York: Routledge, 2020, bls. 2.

³² Patrick Holland og Graham Huggan, *Tourists with Typewriters*, bls. 4.

³³ Vísu þá aftur í „belatedness“ sem þýðir seinkoma eða að vera of seint á ferð.

hans yfirleitt. Stundum á hann líka til að villa á sér heimildir og birtast heima-
mönnum sem ráðvilltur túristi þegar hann er í raun að afla sér efnis í bók.³⁴

Aðrir hafa svo kvartað yfir því að þeir viti ekki hvað gera eigi við ferðasöguna
yfirhöfuð. Telst hún til bókmennta eða fræða? Kannski er hún bara hvorugt?
Hún hefur því verið svolítið olnbogabarn í gegnum tíðina.³⁵ Vegna þess hversu
illa hefur gengið að koma henni fyrir hefur líka verið tekist á um það hversu ná-
kvæm hún þarf að vera og hversu ónákvæm hún getur leyft sér að vera.

Staðreyndir eða skáldskapur?

Á undanförunum árum hefur komið stöðugt betur í ljós að margt í bókum enska
ferðasagnahöfundarins Bruce Chatwin stenst tæplega skoðun. Reyndar hefur
hann verið staðinn að hreinum lygum. Þekkt dæmi er frásögn hans í bókinni
Songlines af því þegar hann útbýr snákahelt rúm fyrir frumbyggja og ferðafélaga
þar sem hann fer um eyðimerkur Ástralíu. Löngu síðar og eftir andlát Chatwins
kom í ljós að frumbyggjarnir höfðu útbúið snákahelda fletið fyrir hann því hann
var svo hræddur að hann gat ekki sofnað. Chatwin til varnar má rifja upp að
hann gekkst aldrei við því að vera ferðasagnahöfundur og afþakkaði eitt sinn
verðlaun fyrir bestu ferðabók þegar átti að veita honum þau. Hugsanlega er því
um skáldskap að ræða.

Hversu sönn þarf ferðasaga að vera? Ef samningurinn á milli ferðasagna-
höfundarins og lesandans er eins og honum var lýst hér framur þarf frásögnin
væntanlega að vera sem réttust. Hvað má þá og hvað ekki? Ímyndum okkur
höfund sem fer í ferðalag og heldur dagbók með það fyrir augum að skrifa síðar
bók. Hvernig ætli honum gangi að halda öllu til haga, svo sem hálfúma samtali
sem hann á við starfsmann á bensínstöð? Gefum okkur að hann hlaupi inn á
klósett strax að samtalinu loknu og skrifi hjá sér það sem hann telur mikilvægt að
muna og varðveita. Um kvöldið eða morguninn eftir breytir hann punktunum
svo í dagbókarfærslu.³⁶ Nokkrum mánuðum síðar og stundum árum skrifar hann
svo loks samtalið í endanlegri útfærslu sem birtist í ferðasögu. Hvað ætli sé mikið
eftir af upprunalega samtalinu? Og þetta er auðvitað bara eitt samtali, hvað
um restina af þessari tilteknu ferðasögu? Hvað skyldi hafa skolast til þegar höf-
undurinn einbeitti sér að því að búa til góða lestrarupplifun sem er líka hluti af

³⁴ Patrick Holland og Graham Huggan nota orðið „shape-shifter“ í þessu samhengi; sjá
Tourists with Typewriters, bls. 7.

³⁵ Carl Thompson, *Travel Writing*, bls. 30–31.

³⁶ Ef hann þá tekur punkta. Paul Theroux hefur sagt frá því að hann taki ekki punkta á
ferðalögum en leggi sig þó fram við að segja satt í bókum sínum. Sjá Casey Blanton,
Travel Writing, bls. 102.

samningnum á milli hans og lesandans? Má höfundurinn til dæmis slá þremur dögum ferðalagsins saman í einn til að þétta atburðarásina? Má hann búa til eina persónu úr tveimur? Það gerist líka margt í höfði höfundarins á meðan sagan verður til; hann fær nýjar hugmyndir, upplifir samtöl öðruvísi eða áttar sig loks á einhverju við skrifborðið sem hann upplifði á ferðalaginu. Má fela aðra manneskju sem var með í för? Í *Journey Without Maps* minnst Graham Greene aldrei á fimmtán ára frænku sína sem var við hlið hans allt ferðalagið. Bruce Chatwin beinlínis laug til um eigið ágæti og upp á aðra og líklega geta allir verið sammála um að slíkt sé rof á samningi ferðasagnahöfundar og lesanda. Þótt hann hafi ekki gengist við því að vera ferðasagnahöfundur og sjálfur staðsett bækur sínar á milli endurminninga og skáldskapar er þó líklega samt vafasamt að snúa staðreyndum á hvolf þar sem við sögu koma raunverulegar persónur úr ferðalagi sem var farið og frásögnin byggir á. En það verður oft óljóst hvað má og hvað ekki í ferðasögum og höfundarnir sjálfir virðast skiptast í tvö horn þegar kemur að því.

Í ferðasögunni *The Travel Writing Tribe. Journeys in Search of a Genre* (2023) ferðast höfundurinn Tim Hannigan á milli ferðasagnahöfunda á Bretlandseyjum³⁷ til að rannsaka hvernig komið sé fyrir ferðasögunni. Eitt af því sem hann spyr þá um er hversu mikið megi eiga við staðreyndir. Rory McLean (*Berlin, Pravda Haha, Stalin's Nose*) er sá sem hefur gengið hvað lengst í þeim efnum. Til dæmis hefst ein ferðasagna hans á því að svín fellur af himnum ofan. Þegar Hannigan biður McLean að útskýra það svarar hann að svínið sé til, hann eigi mynd af því – og það sé nóg. McLean lýsir því svo hvernig hann notar ferðalögin sem eins konar hryggjarstykki í bókum sínum og leyfi sér óhikað allt það sem spurt var um hér að framan (svo sem að færa til, sameina, einfalda, fella út, skálda). Hann telji sig ekki endilega vera að skrifa inn í ensku ferðasagnahefðina (sem sé íhaldssöm í þessum efnum) heldur líti frekar á skrif sín sem hluta af amerísku sannsögunni (e. „creative non-fiction“) og hafi því meira skáldaleyfi.³⁸ Það er áhugavert að sjá Mclean draga þessa línu á milli þess sem hann kallar enska ferðasagnahefð og (amerískra) sannsagna en þó er alveg ljóst að ekki eru allir sammála því að þær veiti leyfi til að fara jafn frjállega með staðreyndir og McLean gerir.

Ferðasagnahöfundurinn Samanth Subramanian lítur svo á að ferðasaga sé

³⁷ Bókin er unnin upp úr doktorsritgerð Hannigan en fyrir hana tók hann viðtöl við enska ferðasagnahöfunda og aðra ferðasagnahöfunda búsetta á Englandi. Hún er sett fram sem ferðasaga. Það er meira að segja að finna í henni innra ferðalag sem eru efasemdir höfundarins um eigið ágæti sem fræðimaður og svo hugsanir um hvort ást hans á ferðasögunni muni lifa af ferðalagið.

³⁸ Tim Hannigan, *The Travel Writing Tribe. Journeys in Search of a Genre*, London: Hurst & Company, 2022, bls. 147–165.

ekki endursögn heldur sköpunarverk sem verði til fyrst og fremst við skrifborð höfundarins. Það sé þar sem hin eiginlega ferð sé farin. Subramanian tilheyrir yngri hópi höfundanna sem Hannigan ræðir við en þeir eru sveigjanlegri þegar kemur að meðferð staðreynda. Þeir eldri – til dæmis Colin Thubron og Nick Danziger – segjast engu breyta í frásögnum sínum (hvernig sem þeir fara að því) og við lestur *The Travel Writing Tribe* fær maður á tilfinninguna að það sé mjög kynslóðabundið hvernig megi meðhöndla staðreyndir í ferðasögunni og að mörkin á milli staðreynda og skáldskapar séu að verða óljósari hjá þeim yngri.

Í ritgerðinni „Sannleikurinn í Oxiana“³⁹ sem birtist árið 2004 veltir ameríski blaðamaðurinn og rithöfundurinn Tom Bissell fyrir sér sannleikshugtakinu út frá ferðasögunni *The Road to Oxiana* (1937) eftir Robert Byron. Bókin er fyrir löngu orðin sígild og er gjarnan vísað til hennar þegar fjallað er um blómaskeið ferðasögunnar. Bissell veltir fyrir sér hversu *sannur* sannleikurinn þurfi að vera í óskálduðum frásögnum og talar um að það fari ágætlega um „the untrue truth“ í ferðasögunni. Hann bendir á að það skipti máli hvernig sannleikurinn berist til okkar, hvort við séum að lesa dagblað eða ferðasögu. Blaðamaður þurfi ekki að hafa miklar áhyggjur af framvindu en höfundurinn verði aftur á móti að gera hvort tveggja í senn, láta sögunni vinda fram og reyna að segja satt og rétt frá. Því leyfist ferðasagnahöfundinum frekar að vinna með meðhöndlaðan sannleika (eða „the untrue truth“). Að mati Bissell er ferðasagnahöfundurinn á réttu róli svo lengi sem frásögnin beinlínis afbakar ekki sannleikann, þó svo að hún sé miklu ónákvæmari en tíðkast í til dæmis blaðamennsku. Það má svo deila um hvenær sannleikurinn byrjar að afbakast.

Hvar er ferðasagan stödd?

En kannski er meira aðkallandi að spyrja hvernig ferðasagan hafi það eftir þá gagnrýni sem hún hefur fengið á undanförunum áratugum. Hvar hún sé stödd sem bókmenntagrein í samtímanum og í samkeppninni við ferðaumfjallanir í fjölmiðlum, sjónvarpsþáttum, hlaðvörpum og á netinu. Er hún dauð?

Á árunum 2019–2024 sagði Kristján Gíslason ferðasögu sína í vinsælum sjónvarpsþáttum á RÚV⁴⁰ þar sem hann fer á mótörhjólum um heiminn. Instagram er líka orðinn vinsæll miðill ferðalanga til að segja ferðasögur sínar í máli og myndum, stundum með mjög skipulögðum hætti þar sem fylgjendur skipta hundruðum þúsunda. Á ferðasagan sem bókmenntagrein nokkurn séns í þetta? Reyndar er búið að spá fyrir um dauða hennar lengi. Evelyn Waugh, sem sjálfur

³⁹ Tom Bissell, „Truth in Oxiana“, *Agni* 60/2004, bls. 99–114. Greinin birtist í þessu hefti *Ritsins* í íslenski þýðingu.

⁴⁰ Sjónvarpsþættirnir heita *Hringfarinn*. Sjá: <https://www.ruv.is/sjonvarp/leit/Hringfarinn>.

hafði reynt sig við formið, spáði endalokum ferðasögunnar fyrir seinni heimsstyrjöld⁴¹ og spurt hefur verið um líðan ferðasögunnar reglulega síðan. Árið 2017 var því velt upp í tímaritinu *Granta*, sem sem ávallt hefur sinnt ferðaskrifum vel, hvort ferðasagan væri endanlega búin að vera. Fyrir svörum urðu nokkrir af þekktari ferðasagnahöfundum samtímans og svör þeirra voru á ýmsa vegu:

Þótt búið sé að uppgötva „allt“ er heimurinn síbreytilegur og sjónarhornin á hann en í frásögn sinni dregur ferðasagnahöfundurinn heiminn í gegnum sig sjálfan, því er hver saga einstök. Svo lengi sem til eru höfundar og þeir fara út úr húsi verða skrifaðar ferðasögur (Samanth Subramanian). Það er búið að spá ferðasögunni dauða í hundrað ár. Lönd opnast og lokast, þegar eitt svæði lokast opnast annað og því alltaf nóg fyrir höfundinn að rannsaka. Tölva og gúggul geta aldrei slegið við frásögn þess sem var á staðnum (Colin Thubron). Þótt staðir séu lifandi og síbreytilegir verður ferðasagnahöfundurinn að velta því fyrir sér hvað hann getur gert sem myndavélar og aðrir miðlar geta ekki. Svárið er að fara meira inn á við (Pico Iyer).⁴² Sumar tegundir ferðasagna eru dauðar, til dæmis að ferðast á asnalegu faratæki sem býr stöðugt til vandamál fyrir höfundinn, að vera í Burma á sunnudegi og Tíbet á mánudegi. Og ferðasögur þar sem fetað er í fótspor einhvers annars ferðalangs, þær eru líka dauðar. En svo er spurning hvort allar sögur séu ekki ferðasögur og höfundar eins og Charles Dickens og Isak Dinesen (Karen Blixen) hafi ekki komið lesendum á skrítnari staði en flestar ferðasögur (Geoff Dyer). Við þurfum meira af öðruvísi ferðasögum; sögum flóttamanna og innflytjenda, fólks sem vinnur við neyðaraðstoð og sögum sem til dæmis gerast í hjálparmiðstöðvum góðgerðasamtaka heimsins (Lindsey Hilsum).⁴³ Höfundarnir í *Granta* heftinu virtust því nokkuð bjartsýnir fyrir hönd ferðasögunnar árið 2017. Engu að síður hefur frekar lítið farið fyrir henni í Evrópu og Bandaríkjunum eftir seinna blómaskeiðið á níunda áratugnum.

Fáar ferðasögur koma út á Íslandi í dag en við leit í *Bókatiðindum* 10 ár aftur í tímann fundust níu nýútkomnar íslenskar ferðasögur.⁴⁴ Ekki er heldur hægt

⁴¹ *Granta. The magazine of new writing*, nr. 138, 2017, *Journeys*, London: Granta Magazine, Sigrid Rausing, bls. 58.

⁴² Sama heimild, (Subramanian) bls. 60, (Thubron) bls. 95, (Iyer) bls. 153.

⁴³ Sama heimild, (Dyer) bls. 58 og (Hilsum) bls. 156.

⁴⁴ *Gagnvegir – um víða veröld. Frásagnir af ferðalögum og lærdómum* (Ari Trausti Guðmundsson, 2013), *Víllt - leitinn sem endaði á Kambaslóðinni við Kyrrahafið* (Cheryl Strayed, 2014), *Afríka - ást við aðra sýn* (Stefán Jón Hafstein, 2014), *Hinumeigin við fallet að eilífu - líf, dauði og von í fátækrahverfi í Mumbai* (Katherine Boo, 2018), *Rétt undir sólinni* (Halldór Friðrik Þorsteinsson, 2017), *Byarmalönd* (Valur Gunnarsson, 2021), *Vegabréf íslenskt. Frá Afganistan til Bosníu og Búrkína Faso* (Sigríður Víðis Jónsdóttir, 2022), *Stríðsbjarnar. Úkraína og nágrenni á átakatímum* (Valur Gunnarsson, 2023).

að benda á ákveðið tímabil þar sem ferðasagan nær sérstökum hæðum á Íslandi þótt Íslendingar hafi skrifað ferðalýsingar hvers konar alla tíð og birt í bæði blöðum og tímaritum.

Auðvitað er nokkuð um ferðalýsingar í íslenskum miðaldabókmenntum og ferðaminningar í bókmenntum fyrri alda. Meðal höfunda mætti nefna Jón Ólafsson Indíafara, Eggert Ólafsson, Tómas Sæmundsson, Önnu Jónsdóttir frá Moldnúpi og Jón Trausta. Eins skrifuðu til dæmis Jón Óskar, Þórbergur Þórðarson og Halldór Laxness mikið af ferðaeseyjum sem birtust í greinasöfnunum þeirra. Thor Vilhjálmsson ritaði einnig talsvert um ferðalög sín og í seinni tíð mætti nefna höfunda eins og Einar Kárason, Sigfús Bjartmarsson og Óskar Árna sem allir hafa snert á ferðaskrifum með misjöfnum hætti. Fleira mætti telja og ljóst að ferðasagan hefur lúrt í íslenskum bókmenntum í gegnum tíðina þótt hún hafi aldrei verið sérlega fyrirferðarmikil.

Erlendis hafa rannsóknir fræðimanna á ferðasögunni þó aukist til muna síðustu áratugi og má að miklu leyti rekja þær til teoríubyltingarinnar sem varð seint á níunda áratugnum.⁴⁵ Enda getur verið áhugavert að rannsaka ferðaskrif í víðara samhengi en bókmenntafræðilegu, til að mynda út frá sjónarhorni menningarfræði, kynjafræði eða eftirlendufræða.

Í *The Travel Writing Tribe* veltir Tim Hannigan fyrir sér stöðu ferðasögunnar í samtímanum en horfir einkum til Englands og enskra ferðasagnahöfunda. Í samtölum þeim sem hann á við ferðasagnahöfundana er bent á að mun fleiri konur skrifi nú ferðasögur en áður og þótt hvíti miðaldra karlinn sé enn að störfum hafi ýmislegt breyst. Ferðasagan hafi brugðist við gagnrýni eftirlendufræðanna með ýmsum hætti. Til dæmis þegar höfundarnir fari um fjarlæg lönd eða aðra menningarheima sé aukin meðvitund um sjónarhornið; höfundarnir hafi mætt gagnrýni á það með því að hleypa fleiri röddum heimafólks inn í frásögnina til að koma í veg fyrir að hinn vestræni höfundur drottni yfir henni eins og áður. Nú komi ferðasagnahöfundar líka úr austri og skrifi um vestrið og svokallað „insider/outsider“ sjónarhorn sé orðið algengt í ferðasögum. Dæmi um það er þegar höfundurinn á ættir að rekja til landsins sem hann ákveður að ferðast um en ólst upp annars staðar. Því sé orðin meiri blöndun austurs og vesturs og sjónarhornin fleiri og flóknari og óvæntari í ferðasögum. Hvíti miðaldra karlinn komi sér líka stundum undan gagnrýni eftirlendufræða með því að ferðast frekar um eigið land eða „svipaðan“ menningarheim.⁴⁶ Bill Bryson er ágætt dæmi um þetta en hann hefur aldrei skrifað um „hina“ (e. *the other*) í ferðabókum sínum sem hafa

⁴⁵ Alasdair Pettinger og Tim Youngs, *The Routledge Research Companion to Travel Writing*, bls. 2.

⁴⁶ Tim Hannigan, *The Travel Writing Tribe. Journeys in Search of a Genre*, bls. 174.

fjallað um England, Ástralíu og Bandaríkin, heldur fyrst og fremst um hvítt milli-stéttarfolk eins og hann sjálfan.

Höfundarnir í *The Travel Writing Tribe* eru margir sammála um að ferðasagna-höfundar hafi þó enn ekki náð að hrista af sér þá tilfinningu að vera seint á ferð, eða „belatedness“, þá upplifun að ferðasagan sé kannski orðin einhvers konar risaeðla innan um alla samfélagsvefina og fjölmiðlana. Það eigi til að skila sér í ofurmeðvitund höfundanna um að þeir standi á ákveðinni hefð (sem er kannski í andarslitrunum) og birtist gjarnan í hálfkæringi og húnorísku sjónarhorni, fyrst á þá sjálfa og stundum á allt og alla. Aftur er Bill Bryson kannski ágætt dæmi um þennan höfund; alltaf að grínast og láta okkur vita að hann taki sig ekki of alvarlega en kannski getum við lesendur þá ekki gert það heldur og kannski er því engu að treysta í frásögnum hans. Í grein sinni „A short history of humour in travel writing“ bendir Robin Jarvis á að lengi vel hafi húnor ekki átt heima í ferðaskrifum, líklega vegna þess að höfundarnir voru uppteknir af því að skera sig frá hinum óáreiðanlegu ferðalýsingum fyrri alda þar sem drekum og furðuskepnum gat brugðið fyrir í textunum. Höfundarnir lögðu því áherslu á staðreyndir og nákvæmni og sannferði í lýsingum á umhverfi og eigin upplifunum. Þetta tekur að breytast á 20. og 21. öld þegar til dæmis fornleifafræði, jarðfræði og plöntufræði verða smám saman sjálfstæðar fræðigreinar og fara út úr ferðasögunni. Við það skapast meira rými fyrir fyrstu persónuna og hennar upplifanir auk þess sem meiri áhersla verður á það í ferðasögum að ekki bara fræða lesandann heldur skemmta honum líka. Jarvis vill reyndar meina að enn í dag virðist húnor draga úr gildi eða sannferði ferðasagna því þær húnorísku séu settar skör neðar en hinar „bókmenntalegu“. Hann bendir á því til stuðnings að þegar hann hafi unnið rannsóknarvinnu fyrir grein sína hafi hann varla fundið neitt um húnor í ferðaskrifum og því virðist sem fræðimenn hafi ekki áhuga á honum eða þeim þyki hann ekki verðugt rannsóknarefni innan ferðasögunnar.⁴⁷

Annað nýlegra dæmi um svona ofurmeðvitund í anda Bill Brysons væri höfundurinn Blythe Roberson og ferðasaga hennar *America the Beautiful*. Þar veltir hún fyrir sér af hverju svo margar ferðasögur „virðast skrifaðar af hvítum karlmönnum sem eru ekki að glíma við nein vandamál en ákveða að halda út í óvissuna til að komast að því hvernig er að glíma við vandamál“. Hún ákveður því að ferðast um Bandaríkin og skrifa út frá sjónarhorninu: Hvað gerðist ef Bill Bryson færi á blæðingar? Gerir þannig tilraun til að vinna á móti seinkomunni með femínísku sjónarhorni á ferðasöguna og hefð hennar.⁴⁸

⁴⁷ Robin Jarvis, „A short history of humour in travel writing“, *Studies in Travel Writing* 26: 1/2023, bls. 1–18.

⁴⁸ „...I decided I wanted to write a female American travel narrative. My book would

Annað sem Tim Hannigan er upptekinn af í bók sinni er framtíð ferðasögunnar. Samkvæmt niðurstöðum hans er ferðasagan í mikilli endurnýjun um þessar mundir; hefur að hluta runnið inn í önnur form auk þess sem formgerð hennar sjálfrar virðist vera að breytast. Sérstaklega er bent á að svokölluð „nýnátúruskrif“ (e. *new nature writing*) hafi gleypst í sig eitthvað af ferðasögunni. Nýnátúruskrif hafa verið fyrirferðarmikil á undanförunum árum og má til dæmis nefna bækur eins og *H is for Hawk* (Helen McDonald, 2014), *Vesper Flights* (Helen McDonald, 2020) og *The Hidden Life of Trees* (Peter Wohlleben, 2015) sem allar náðu hátt á metsölulistum.

Það er ekki alltaf gott að ákvarða hvað flokkast sem nýnátúruskrif og hvað sem ferðasaga en greinarnar tvær eiga sameiginlegan mikinn áhuga á náttúrunni/umhverfinu, innihalda rannsóknir á því og leitast við að gera upp-götvanir. Stærsti munurinn á þeim er hins vegar að höfundurinn heldur sér gjarnan meira til hlés í nýnátúruskrifum og er ekki á ferðalagi. Nálgun hans er „vísindalegri“ en ferðasagnahöfundarins.⁴⁹ Uppgang nýnátúruskrifa má eflaust rekja til loftslagshlýnunar og umræðu um sótspor sem fylgja ferðalögum.

Breytt formgerð og framtíðin

Tim Hannigan og ferðasagnaflökkurinn hans komast líka að því að formgerð ferðasögunnar sé að breytast. Hingað til hefur oftast mátt skipta byggingu hefðbundinnar ferðasögu í þrjá þætti: *brottför-ferðalag-heimkomu*. (Innri ferðin speglast svo í þessum þremur þáttum, höfundurinn tekur út þroska á ferðalaginu og er ekki sama manneskjan við heimkomu og við brottför.) Í nýrri ferðasögu ber meira á því að brottförinni og heimkomunni sé sleppt og að ferðalagið sé frekar lóðrétt eða „vertical“. Með lóðréttu ferðalagi er átt við að höfundarnir séu farnir að staldra lengur við innan sögusviðsins og reyni þannig að komast á meira dýpi í því sem þeir eru að skoða. Það er ekki sjálft ferðalagið eða yfirferðin sem skiptir mestu máli heldur að ná raunverulegri sneringu við umfjöllunarefnið og frá sem flestum sjónarhornum.⁵⁰ Aftur er kannski um að ræða svar við gagnrýni eftirlendufraeða og viðbrögð við umræðu um sótspor sem fylgja ferðalögum. Dæmi um bækur þar sem ferðast er „lóðrétt“ er til dæmis *Hinúmegin við fallegt að eilífu* (2018) en í henni dvelur höfundurinn Katherine Boo langdvölum í fá-

answer the question: What if Bill Bryson got his period?“ Blythe Robertson, *America the Beautiful*, New York: Harper Perennial, 2023, bls. 2.

⁴⁹ Paul Smethurst, „Nature writing“, *The Routledge Research Companion to Travel Writing*, ritstjórar Alasdair Pettinger og Tim Youngs, bls. 30–43, hér bls. 37.

⁵⁰ Charles Forsdick, „Vertical Travel“, *The Routledge Research Companion to Travel Writing*, bls. 99–112, hér bls. 100.

tækrahverfi í Mumbai og skrifar svo um samfélagið innan þess. Ásne Seierstad gerir svipaða hluti í *Bóksalanum í Kabúl* (2003) og í *Evicted: Poverty and Profit in the American City* (2016) eyðir höfundurinn Matthew Desmond nokkrum árum í að kynna sér fátækustu svæði Milwaukee og stöðu hinna verst settu á leigumarkaði. Stundum leysir rannsóknin (sem snýst gjarnan um hversdaginn eða daglegt líf innan sögusviðsins) ferðalagið af í bókum þar sem ferðast er lóðrétt og þær nálgast það að vera etnógrafíur. Þannig má kannski segja að etnógrafían sem var hluti af ferðaskrifum í árdaga sé farin að leita inn í ferðasöguna aftur, enda getur ferðasagan ýmislegt sem hrein etnógrafía og fræðilegri textar geta ekki. Hefði Matthew Desmond, sem er doktor í félagsfræði, sent frá sér hreina etnógrafíska rannsókn er ólíklegt að sú bók hefði hlotið Pulitzer-verðlaunin og náð jafn mikilli útbreiðslu og raunin varð með *Evicted*.

Hannigan lýkur ferðalagi sínu milli ferðasagnahöfunda með spjalli við búlgarska höfundinn Kapka Kassabova. Hún er búsett í Skotlandi (eftir að hafa búið á Nýja-Sjálandi í 12 ár) og hefur sent frá sér nokkrar ferðasögur sem gerast í Búlgaríu og í fleiri löndum á Balkanskaganum. *Twelve minutes of Love. A Tango Story* (2011) er eins konar bræðingur af ferðasögu, endurminningum og sagnfræði en í bókinni ferðast Kassabova um „heim tangósins“ og sögusviðið er tangóklúbbar í Auckland, Edinborg, Berlín og Buenos Aires sem hún hefur sótt í gegnum tíðina. *Border. A journey to the edge of Europe* (2017) er rannsókn á landamærum Grikklands, Búlgaríu og Tyrklands. Og í *Elixir* (2023) færir Kassabova sig svo meira út í nýnátúraskrif en vistfræði er í forgrunni þar sem hún fer um Mesta-vatnasvæðið í Búlgaríu og Grikklandi. Sú bók er rannsókn á því hvernig náttúra og menning hafa lifað saman á þessu svæði í þúsundir ára. Kassabova hakar því í öll boxin þegar kemur að endurnýjun og framtíð ferðasögunnar, að mati Hannigan. Hún er ekki hvítur miðaldra karl frá Englandi eða Bandaríkjunum heldur er hún insider/outsider sem ferðast um eigið land og nágrenni. Þekkir því vel til þess svæðis sem hún fer um en hefur líka með sér hið glögga gestsauga þess sem hefur verið lengi í burtu. Að auki ferðast hún „lóðrétt“ og hina hefðbundnu formgerð ferðasögunnar, brottför-ferð-heimkomu, er ekki að finna í hennar bókum.

Hannigan fjallar ekki um hvaða áhrif gervigreind muni hafa á ritun ferðasagna í framtíðinni en það er áhugavert að velta því fyrir sér. Þegar sýndarveruleikinn kom fram á sjónarsviðið höfðu ýmsir áhyggjur af því að hann myndi ganga af ferðasögunni dauðri.⁵¹ Hætt væri við því að sýndarveruleikinn bæði drægi úr ferðalögum fólks og lesendur sæju ekki lengur ástæðu til að taka upp

⁵¹ Patrick Holland og Graham Huggan, *Tourists with Typewriters*, bls. 24.

ferðasögu þegar mætti upplifa ferðalög í gegnum hina nýju tækni. Sú varð ekki raunin og líklega hefur sýndarveruleiki ekki haft nein áhrif á ferðasöguna. En rétt í upphafi þeirrar byltingar sem gervigreind á eftir að knýja lítur út fyrir að áhrif hennar á ferðasöguna sem og aðrar sannsögur gætu orðið góð frekar en slæm. Þótt gervigreind muni ná stöðugt betri tókum á skáldskap mun hún seint geta ferðast eða skrifað eitthvað sem byggir á hennar eigin lífsreynslu. Það er auðvelt að sjá fyrir sér núna að lesendur eigi eftir að leita í auknum mæli í eitthvað sem gervigreindin getur ekki stælt og er örugglega skrifað af lifandi höfundu. Annars er líklega engin ástæða til að hafa áhyggjur af ferðasögunni. Vinsældir hennar hafa vissulega dvínað eins og flestra bókmenntageirena en fólk mun alltaf hafa þörf fyrir að ferðast (líka rithöfundar) og deila reynslu sinni með öðrum. Það er ekki að ástæðulausu að ferðaskrif hafa fylgt okkur lengur en flestar aðrar tegundir bókmennta.

ÚTDRÁTTUR

Greinin rekur þróun ferðasögunnar sem bókmenntaforms aftur um tæp 2500 ár og skoðar hvernig það hefur mótast í gegnum tíðina. Ferðaskrif hafa tekið umtalsverðum breytingum í gegnum aldirnar enda færast hlutverk þeirra frá því að vera ýmist praktískt eða vísindalegt tól landkönnuða og ferðalanga yfir í að verða að bókmenntum sem virðast ýmist hugsaðar til afþreyingar eða fræðslu. Ferðasagan náði miklum vinsældum á milli- stríðsárunum og aftur á áttunda áratug síðustu aldar en hún hefur líka þótt vandræða- fyrirbæri í gegnum tíðina og ekki alltaf verið ljóst hvort eigi að telja hana til bókmennta eða fræða. Gagnrýni hefur komið fram á sjónarhorn ferðasögunnar – sem gjarnan er sjónarhorn hins hvíta miðaldra karlmanns – og jafnframt efasemdir um hvort treysta megi þessari tegund frásagna. Greinin kannar hvernig ferðasagan hefur mætt þeirri gagnrýni og hver staða hennar er í nútímanum og sannsagnabylgjunni sem hefur risið hátt á undanförunum árum. Einkum er horft til hins vestræna heims og engilsaxneskra bókmennta enda er það á þeim slóðum sem mestu hræringarnar innan ferðasögunnar hafa átt sér stað í gegnum aldirnar.

Lýkilorð: ferðasögur, ferðaskrif, endurminningar, sannsögur, náttúruskrif, nýnnáttúruskrif

ABSTRACT

Is the travel story dead?

The article traces the development of the travel narrative as a literary form back about 2500 years and examines how it has evolved over time. Travel writing has undergone significant changes throughout the centuries, as its role shifts from being a practical or scientific tool for explorers and travelers to becoming literature intended for entertainment. The travel narrative gained great popularity during the interwar years and again in the 1970s, but it has also been considered a problematic phenomenon over time, since it has not always been clear whether it should be regarded as literature or science. Criticism has emerged regarding the perspective of the travel narrative—often that of the white, middle-aged man—and questions have been raised about whether it can be trusted. The article explores how the travel narrative has responded to this criticism and what its status is in the present day, particularly in the context of the creative non-fiction wave that has surged in recent years. The focus is mainly on the Western world and Anglo-Saxon literature, as it is in those areas where the most significant movements within the travel narrative have occurred throughout the centuries.

Keywords: travel writing, travel stories, memoir, non-fiction, creative non-fiction, nature writing, new nature writing

HULDAR BREIÐFJÖRD

Lektor í ritlist

Íslensku- og menningardeild

Háskóli Íslands

huldar@hi.is